



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd

Kópavogur, 8. október 2025.
Málsnr. 1910005/PBG/HH

Efni: Umsögn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) um frumvarp til laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 106. mál.

Ofangreint frumvarp var áður lagt fram sem 187. mál á 156. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga. Samkvæmt því sem fram kemur í upphafsorðum í greinargerð með frumvarpinu er það nú endurflutt óbreytt. Í ljósi þess vilja SSH ítreka umsögn sína vegna 187. máls á 156. löggjafarþingi sem send var nefndinni hinn 14. apríl sl.

Er þó rétt að áréttast sérstaklega að aðildarsveitarfélög SSH hafa mikinn metnað til að sinna þjónustu við fatlað fólk með vönduðum hætti. Hins vegar verður að tryggja að fjármagn frá ríkinu til málaflokksins sé til samræmis við þjónustuna og þær kröfur sem gerðar eru.

Hluti af greiningu HLH, sem send er sem fylgiskjal með umsögninni var vegna barna með fjölpættan vanda. Í mars 2025 var undirritað samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga þar sem kveðið var á um að ríkið tæki yfir ábyrgð á framkvæmd og fjármögnun þjónustu við börn með fjölpættan vanda. Er því fagnað.

Eftirfarandi er umsögn SSH við 187. mál á 156. löggjafarþingi:

Efni: Umsögn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) um frumvarp til laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 187. mál.

Með ofangreindu lagafrumvarpi er lagt til að samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks öðlist lagagildi hér á landi. Í umfjöllun um mat á áhrifum frumvarpsins í greinargerð kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir að frumvarpið hafi áhrif á fjárhag ríkissjóðs. Segir þá einnig að ekki sé gert ráð fyrir að frumvarpið hafi áhrif á fjárhag sveitarfélaga, umfram það sem nú þegar leiðir af skyldum sveitarfélaga til að tryggja réttindi fatlaðs fólks, þar sem lögfesting samningsins feli ekki í sér ný efnisréttindi heldur að hann verði fullgild réttarheimild. Segir jafnframt að ómögulegt sé að segja til um hver áhrif lögfestingar geti orðið á dómaframkvæmd. Verður ekki séð að sérstakt kostnaðarmat, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 hafi farið fram. Er hér rétt að minna á að ákall hefur verið um bætt kostnaðarmat einstakra verkefna sem sveitarfélögum er falið að sinna, og vísast um það m.a. til frumvarps til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, 272. mál, sem nú er til meðferðar Alþingis en þar eru lagðar til enn ríkari kröfur en áður til ríkisins um að kostnaðarmat fari fram.

Þrátt fyrir framangreinda umfjöllun um að ekki sé gert ráð fyrir kostnaðarauka segir beinlínis í athugasemdum um meginefni frumvarpsins í greinargerð að markmið lögfestingarinnar sé að auka réttaráhrif samningsins hér á landi. Má því ætla að gert sé ráð fyrir að fatlaðir einstaklingar geti byggt ríkari rétt á ákvæðum samningsins eftir að hann hefur verið löggiltur, heldur en áður var hægt að halda frammi á grundvelli fullgildingar hans. Tvíeðliskenningin, sem er í gildi hér á landi, miðar enda við það að svo að alþjóðasamningar hafi bein réttaráhrif þurfi að lögfesta þá. Frá því að samningur Sameinuðu þjóðanna var fullgiltur hér á landi hefur verið unnið að því að laga innlenda löggjöf að efni hans og lagasetningar og lagabreytingar átt sér stað í því skyni. Jafnvel þó svo sé hefur ekki verið framkvæmd heildstæð greining á því, samhliða frumvarpsgerðinni, að hvaða leyti samningurinn kann við lögfestingu hans að veita ríkari rétt en nú er kveðið á um í landslögum. Í umfjöllun um tilefni og nauðsyn lagasetningar í greinargerð með frumvarpinu segir þá að með henni verði tryggt að hægt sé að beita samningnum sem fullgildri réttarheimild fyrir dómstólum, en þeir hafi í einhverjum tilvikum tekið mið af því í úrlausnum sínum hingað til að samningurinn hafi ekki verið lögfestur. **Af framangreindu má einmitt ráða að frumvarpshöfundar telji**



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

að lögfesting samningsins geti leitt til breytinga á úrlausnum dómstóla, ríkari réttar til þjónustu og þar með aukins kostnaðar. Þrátt fyrir það verður, eins og áður segir, ekki séð að sérstakt kostnaðarmat hafi verið framkvæmt. Þá kemur eins og áður segir fram í greinargerð með frumvarpinu að ekki sé gert ráð fyrir kostnaðarauka ríkissjóðs vegna lögfestingarinnar.

Áætlaður árlegur viðbótarkostnaður 14-19 milljarðar króna

Í þessu samhengi er rétt að benda á að sveitarfélögin greiða nú þegar milljarða króna árlega til málaflokksins umfram tekjustofna og framlög frá ríkissjóði en sem dæmi má nefna að á árinu 2023 var mismunur á útgjöldum og mörkuðum tekjum 13,8 milljarðar króna og 12,3 milljarðar króna á árinu 2024. Liggja einnig fyrir greiningar SSH sem sýna fram á að uppsafnaður halli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu vegna málaflokksins hafi numið um 42 milljörðum króna vegna árána 2018 til 2022. Á grundvelli þessa hefur verið ákall um að rekstur málaflokksins verði leiðréttur. Rétt er að vísa til þess að SSH hafa ítrekað, m.a. í umsögnum sínum um frumvörp til fjárlaga og fjárukalaga undangengin ár, bent á mikilvægi þess að brúa þetta bil enda hafi sveitarfélögin réttmætar væntingar til þess að tekjur vegna málaflokksins standi undir útgjaldahlíð hans.

SSH fengu HLH ráðgjöf til þess að meta fjárhagsleg áhrif löggildingar samningsins í tengslum við fund með þingmönnum höfuðborgarsvæðisins sem fram fór í mars sl. Samkvæmt þeirri greiningu hefur kostnaður vegna málaflokks þjónustu við fatlað fólk aukist jafnt og þétt frá því yfirfærsla hans til sveitarfélaga átti sér stað á árinu 2011. Þá gæti óvissu um þróun á fjölda einstaklinga sem eiga rétt á þjónustu frá sveitarfélögunum. Breytingar á fjármögnun hafa þá ekki tekið mið af breytingum á löggjöf, meðal annars vegna fullgildingar samningsins, sem leiðir af sér aukinn rekstrarhalla á málaflokknum. Má hér nefna að að áætlaður kostnaður við sértæka búsetuþjónustu, en rúmlega 400 manns hafa sótt um slíka þjónustu, er um 12,1 milljarður kr. á ári. **Samkvæmt fyrrgreindri greiningu er áætlað að árlegur viðbótarkostnaður geti orðið um 14,1–18,6 milljarðar kr.** Auk þess var hallarekstur í málaflokknum árið 2024 sem nam 12,3 milljörðum kr. Þannig að fjárvöntun samtals til þess að uppfylla skyldur laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir er 26,4 til 30,9 milljarðar kr. miðað við framanritað. Greina má neikvæð áhrif þessa á veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum sveitarfélaga frá árinu 2018, sjá meðfylgjandi mynd. Rétt er að fram komi að við setningu laga nr. 38/2018 var ekki framkvæmt kostnaðarmat á áhrifum laganna á fjárhag sveitarfélaga en hann hefur verið umtalsverður sbr. framangreinda umfjöllun.

SSH telja samkvæmt framansögðu ekki sýnt fram á hve umfangsmikil fjárhagsleg áhrif lögfestingar samningsins kunni að verða en að telja megi að þau verði töluverð, sbr. umfjöllun hér að framan, og stefni jafnvel fjárhag sveitarfélaga í verulega hættu. Er því enn mikilvægara en áður að ávarpa þann halla sem er á rekstri málaflokksins. Telja SSH því brýnt að frekari greining fari fram á þeim þáttum og að áður en til lögfestingar samningsins komi verði full fjármögnun málaflokksins tryggð til framtíðar. Eru í þessu samhengi gerðar verulegar athugasemdir við að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að lögfesting samningsins taki þegar gildi þegar ljóst má telja að frekari kostnaðargreining, svo og fjármögnun þarf að koma til.

Í ljósi þess sem að framan segir er mikilvægt að fram fari samtal á milli ríkis og sveitarfélaga um hvernig verði staðið að fjármögnun málaflokksins áður en til lögfestingar samningsins kemur.

Til frekari skýringa er meðfylgjandi greining HLH ráðgjafar.

SSH lýsa sig þá að sjálfsögðu reiðubúin til að mæta fyrir nefndina og gera nánari grein fyrir umsögn sinni.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Páll Björgvin Guðmundsson
frankvæmdastjóri SSH

Mat á áhrifum samnings SÞ um réttindi fatlaðs fólks á fjárhag sveitarfélaga

Unnið fyrir Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

HLH ráðgjöf - Arnar Haraldsson (arnar@hlh.is)


7. Mars 2025

HLH ráðgjöf

Nokkur verkefni sem HLH ráðgjöf hefur unnið í tengslum við málaflokk fatlaðs fólks:


- Rekstrarúttektir á sveitarfélögum þ.m.t. á skipulagi þjónustu við fatlað fólk.
- Tekið þátt og leitt vinnu á vegum félagsmálaráðuneytis um fjármögnun og kortlagningu á kostnaði þjónustu við fatlað fólk.
 - [Skýrsla starfshóps um heildarendurskoðun laga nr. 38/2018](#)
 - [Skýrsla starfshóps um greiningu á kostnaðarþróun í þjónustu við fatlað fólk \(Viðauki I\)](#)
 - [Áfangaskýrsla I: Kostnaðar- og ábyrgðarskipting ríkis og sveitarfélaga í þjónustu við fatlað fólk](#)
 - [Áfangaskýrsla II: Kostnaðar- og ábyrgðarskipting ríkis og sveitarfélaga í þjónustu við fatlað fólk](#)
- Tekið þátt og leitt vinnu á vegum mennta- og barnamálaráðherra um kortlagningu á skipulagi og kostnaði vegna þjónustu við börn með fjölþættan vanda.
 - [Skýrsla stýrihóps um fyrirkomulag þjónustu við börn með fjölþættan vanda.](#)

Stefnumótun í málaflokki fatlaðs fólks



Staðan í dag og horfur til framtíðar

Fjöldi einstaklinga á framlögum frá JS



Yfirfærsla á málefnum fatlaðs fólks
 Útsvarshlutar 1,20%
 • 0,95% gegnum JS -> SIS 4 og hærra
 • 0,25% beint til svf. -> vegna almennrar þjónustu við fatlað fólk

Tímabundin 0,04% hækkun útsvars
 Útsvarsprósenta verður 1,24%, töl á niðurstöðu endurmats yfirfærslu málaflokksins
 • 0,99% gegnum JS
 • 0,25% beint til svf.

Lokasamkomulag ríkis og svf. um fjárhagsramma
 • Útsvarsprósenta verður 1,24%, fest í lögum
 • Ríkisframlag 0,235% af skatttekjum ríkissjóðs

Ný lög um þjónustu við fatlað fólk
 • Lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 taka gildi

Stuðningsflokkur SIS 4 ekki lengur á framlögum frá JS

Samkomulag um breytingu á fjármögnun I
 • Útsvarsprósenta hækkuð um 0,22% og verður samtals 1,46%
 • 1,21% gegnum JS -> SIS 5 og hærra
 • 0,25% beint til svf.

Samkomulag um breytingu á fjármögnun II
 • Útsvarsprósenta hækkuð um 0,23% og verður samtals 1,69%
 • 1,44% gegnum JS -> SIS 5 og hærra
 • 0,25% beint til svf.

Áform um lögfestingu samning SP um réttindi fatlaðs fólks

Fjölgun notenda 2,5% á ári

Spátímabil

Vöxtur gjalda 13,2% 2024 og lækkar um 1% á ári eftir það

Vöxtur tekna tekur mið af fjármálaáætlun

Reglugerð sem tók gildi á árinu:

- um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu, nr. 1054/2010

Reglugerð sem tók gildi á árinu:

- um sérfræðingateymi um aðgerðir til að draga úr beitingu nauðungar í þjónustu við fatlað fólk nr. 970/2012
- um undanþágu um bann við beitingu nauðungar gagnvart fötluðum einstaklingi, nr. 971/2012
- Um persónulega talsmenn fatlaðs fólks, nr. 972/2012
- Um réttindagæslumenn fatlaðs fólks, nr. 973/2012

Reglugerð sem tók gildi á árinu:

- Um húsnaðisúrræði fyrir fatlað fólk, nr. 370/2016

Íslensk stjórnvöld fullgilda samning SP um réttindi fatlaðs fólks

Reglugerð sem tók gildi á árinu:

- um NPA, nr. 1250/2018
- Um búsetu fyrir börn með miklar þroska- og geðraskanir, nr. 1038/2018
- Um eftirlit og eftirfylgni vegna þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 1036/2018
- Um biðlista, forgangsröðun og úrræði á biðtíma eftir þjónustu, nr. 1035/2018
- Um starfsemi og aðbúnað á skammtímadvölum, nr. 1037/2018

Félags- og barnamálaráðherra skipar starfshópa:

- Um heildarendurskoðun laga nr. 38/2018
- Um greiningu á þjónustu við fatlað fólk árin 2018-2020

Félags- og vinnumarkaðsráðherra skipar starfshóp:

- Um mótun tillagna um kostnaðarskiptingu ríkis og svf. vegna þjónustu við fatlað fólk

Heimild: Samkomulög ríkis og sveitarfélaga (2010, 2015/2016, 2022 og 2023), Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga Alþingi, Island.is, Samband íslenskra sveitarfélaga, Stjórnarráð Íslands, Skýrsla starfshóps um heildarendurskoðun laga nr. 38/2018 og Endurmat á yfirfærslu málefna fatlaðs fólks, greinagerð með fjárlögum 2025, áfangaskýrsla I og II.


Frumvarp til laga um samning Sp um réttindi fatlaðs fólks

1.gr. Markmið

- Markmiðið með samningi þessum er að efla, verja og tryggja að allt fatlað fólk njóti til fulls og til jafns við aðra allra mannréttinda og grundvallarfrelsis og að efla virðingu fyrir eðlislægri reisn þess.
- Til fatlaðs fólks teljast m.a. þau sem eru með langvarandi líkamlega, andlega eða vitsmunalega skerðingu eða skerta skynjun og sem verða fyrir ýmiss konar hindrunum sem geta komið í veg fyrir fulla og árangursríka samfélagsþátttöku til jafns við aðra.

19. gr. Að lifa sjálfstæðu lífi og án aðgreiningar í samfélaginu.

- Aðildarríki samnings þessa viðurkenna jafnan rétt alls fatlaðs fólks til að lifa í samfélaginu og eiga valkosti til jafns við aðra og skulu gera árangursríkar og viðeigandi ráðstafanir til þess að fatlað fólk megi að fullu njóta þessa réttar og fullrar aðildar og þátttöku í samfélaginu án aðgreiningar, meðal annars með því að tryggja:
 - a) að fatlað fólk hafi tækifæri til þess að velja sér búsetustað og hvar og með hverjum það býr, til jafns við aðra, og að því sé ekki gert að eiga heima í tilteknu búsetuformi
 - b) að fatlað fólk hafi aðgang að ýmiss konar þjónustu, svo sem heimaþjónustu, búsetuþjónustu og annarri samfélagslegri stuðningsþjónustu, þar á meðal persónulegri aðstoð, sem nauðsynleg er til stuðnings lífi án aðgreiningar í samfélaginu og til að koma í veg fyrir einangrun og aðgreiningu frá samfélaginu.
 - c) að samfélagsþjónusta og aðstaða fyrir almenning standi fötluðu fólki til boða til jafns við aðra og mæti þörfum þess.



Frumvarp til laga um samning Sp um réttindi fatlaðs fólks

Samningur Sp um réttindi fatlaðs fólks

1. gr. Markmið.

- Markmiðið með samningi þessum er að efla, verja og tryggja að allt fatlað fólk njóti til fulls og til jafns við aðra allra mannréttinda og grundvallarfrelsis og að efla virðingu fyrir eðlislægri reisn þess.
- Til fatlaðs fólks teljast m.a. þau sem eru með langvarandi líkamlega, andlega eða vitsmunalega skerðingu eða skerta skynjun og sem verða fyrir ýmiss konar hindrunum sem geta komið í veg fyrir fulla og árangursríka samfélagsþátttöku til jafns við aðra.

19. gr. Að lifa sjálfstæðu lífi og án aðgreiningar í samfélaginu.

- Aðildarríki samnings þessa viðurkenna jafnan rétt alls fatlaðs fólks til að lifa í samfélaginu og eiga valkosti til jafns við aðra og skulu gera árangursríkar og viðeigandi ráðstafanir til þess að fatlað fólk megi að fullu njóta þessa réttar og fullrar aðildar og þátttöku í samfélaginu án aðgreiningar, meðal annars með því að tryggja:
 - a) að fatlað fólk hafi tækifæri til þess að velja sér búsetustað og hvar og með hverjum það býr, til jafns við aðra, og að því sé ekki gert að eiga heima í tilteknu búsetuformi
 - b) að fatlað fólk hafi aðgang að ýmiss konar þjónustu, svo sem heimaþjónustu, búsetuþjónustu og annarri samfélagslegri stuðningsþjónustu, þar á meðal persónulegri aðstoð, sem nauðsynleg er til stuðnings lífi án aðgreiningar í samfélaginu og til að koma í veg fyrir einangrun og aðgreiningu frá samfélaginu.
 - c) að samfélagsþjónusta og aðstaða fyrir almenning standi fötluðu fólki til boða til jafns við aðra og mæti þörfum þess.

Lög nr. 38/2018


1. gr. Markmið 2. gr. Skilgreiningar.

- **Fötlun:** Afleiðing skerðinga og hindrana af ýmsum toga sem verða til í samspili fólks með skerðingar og umhverfis og viðhorfa sem hindra fulla og árangursríka samfélagsþátttöku til jafns við aðra. Skerðingar hlutaðeigandi einstaklings eru langvarandi og hindranirnar til þess fallnar að viðkomandi verði mismunað vegna líkamlegrar, geðrænnar eða vitsmunalegrar skerðingar eða skertrar skynjunar.

III. kafli. Þjónusta.

- 8. gr. Stoðþjónusta
- 9. gr. Búseta
- 10. gr. Notendasamningar
- 11. gr. NPA

Hvað skýrir þessa kostnaðaraukningu?



- Þróun á fjölda einstaklinga í þjónustu.
- Sértek búsetuþjónusta
 - 452 einstaklingar hafa óskað eftir að komast í sértekt húsnæði með þjónustu á grundvelli laga nr. 38/2018
- NPA samningar
 - Áform um 172 NPA samninga
 - 123 samningar í gildi – hvað svo?
- Fjölpættur vandi
 - Börn og fullorðnir með þroska- og geðraskanir (öryggisþjónusta) og ungt fólk með samsetta þarfir fyrir hjúkrunar- og félagsþjónustu

Kostnaður þjónustu

Skilgreining á fötlun


- Til fatlaðs fólks teljast m.a. þau sem eru með langvarandi líkamlega, andlega eða vitsmunalega skerðingu eða skerta skynjun og sem verða fyrir ýmiss konar hindrunum sem geta komið í veg fyrir fulla og árangursríka samfélagsþátttöku til jafns við aðra.
- sem viðurkenna að hugtakið fötlun er í þróun og að fötlun er afsprengi samspils milli fólks með skerðingar annars vegar og umhverfis og viðhorfa hins vegar sem hindra fulla og árangursríka samfélagsþátttöku þess til jafns við aðra,



JS greiddi framlög vegna um 1600 einstaklinga 2024



Mat á stuðningsþörfum (SIS mat) er það kerfi sem stuðst er við hér á landi til að gæta samræmingar á mati á stuðningsþörfum



Fjármögnun þjónustunnar er bundin við fast hlutfall af útsvarsstofni og skatttekjum ríkissjóðs



Hópar sem óska eftir þjónustu sem ekki var upphaflega gert ráð fyrir í fjármögnun þjónustunnar.

Óvissa fólgin í þróun á fjölda einstaklinga sem eiga rétt að þjónustu

Kostnaður þjónustu (frh.)

Að lifa sjálfstæðu lífi og án aðgreiningar í samfélaginu.


- að fatlað fólk hafi aðgang að ýmiss konar þjónustu, svo sem heimaþjónustu, búsetuþjónustu og annarri samfélagslegri stuðningsþjónustu, þar á meðal persónulegri aðstoð, sem nauðsynleg er til stuðnings lífi án aðgreiningar í samfélaginu og til að koma í veg fyrir einangrun og aðgreiningu frá samfélaginu.



452 einstaklingur sem óska eftir að lifa sjálfstæðu lífi með stuðningi



Engin takmörk í lögum um fjölda NPA samninga, en fjármögnun ríkis gerir ráð fyrir 25% framlagi vegna 172 samninga með meðalsamningsupphæð 46 m. kr.



Áætlaður árlegur rekstrarkostnaður fyrir slíka þjónustu er **11,8 ma. kr.** miðað við verðlag 2025




123 samningar í gildi 2024 -> **49 nýir samningar 2,3 ma. kr.**

Áætlaður árlegur viðbótarkostnaður vegna laganna getur orðið allt að 14,1 ma. kr.

Kostnaður þjónustu (frh.)

Að lifa sjálfstæðu lífi og án aðgreiningar í samfélaginu.

- að fatlað fólk hafi aðgang að ýmiss konar þjónustu, svo sem heimaþjónustu, búsetuþjónustu og annarri samfélagslegri stuðningsþjónustu, þar á meðal persónulegri aðstoð, sem nauðsynleg er til stuðnings lífi án aðgreiningar í samfélaginu og til að koma í veg fyrir einangrun og aðgreiningu frá samfélaginu.



Það eru um 60 einstaklingar með flóknar stuðningsparfir



Það eru um 40 börn með fjölþættan vanda



Heildarkostnaður þjónustu við þennan hóp eru um 4 ma. kr.
Viðbótarkostnaður – 2,3 nettó kostnað




Heildarkostnaður þjónustu við þennan hóp er um 3,2 ma. kr.
Viðbótarkostnaður – 2,2 nettó kostnaður

Áætlaður umframkostnaður vegna laganna er um 4,5 ma. kr.

Fjárhagsstaða sveitarfélaga


Rekstrargjöld þjónustu við fatlað fólk og markaðir tekjustofnar þjónustu í ma. kr. á verðlagi hvers árs árin 2011-2024




- Fram kemur í ársreikningum svf., fyrir árið 2023, voru útgjöld v. þjónustu við fatlað fólk 51,2 ma. kr.
- Markaðar tekjur á sama ári vegna þjónustunnar voru 37,4 ma. kr.
- Mismunur á útgjöldum og markaðra tekna 2023 voru 13,8 ma. kr.
- Samkomulag frá des 2023:
 - *Fjölgun notenda þjónustu frá 2011-2021.*
 - *Breyting á þjónustu á heimilum vegna aukinnar áherslu á sjálfstæða búsetu á árunum 2011-2021.*
 - *Lögfesting 15. klst. almennrar félagsþjónustu við fatlað fólk.*
 - *Aukins kostnaðar vegna NPA samninga sem þá voru í gildi.*

Fjárhagsstaða sveitarfélaga (frh.)

Samanburður á skuldahlutfalli og hlutfalli veltufjár af tekjum (A-hluta) árin 2002-2023




Þróun veltufjár frá rekstri




Fjárhagsstaða sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Útgjöld vegna þjónustu við fatlað fólk og hlutdeild svf. á höfuðborgarsvæðinu í þeim útgjöldum



- Að jafnaði voru 70% útgjalda vegna þjónustu við fatlað fólk á höfuðborgarsvæðinu
- Markaðar tekjur voru á sama tímabili 60% á höfuðborgarsvæðinu

Hlutdeild svf. á höfuðborgarsv. af heildartekjum og heildar veltufé frá rekstri



Niðurstaða

- Lögfesting samning SP um réttindi fatlaðs fólks styrkir rétt fatlaðs fólks.
- Óvissa gætir um þróun á fjölda einstaklinga sem eiga rétt á þjónustu frá sveitarfélögum til framtíðar.
- Skyldur og kröfur svf. um uppbygging þjónustu hafa tekið mið af SRFF.
- Fjármögnun þjónustunnar hefur ekki tekið mið af þeim skyldum sem birtist í muni á mörkuðum tekjum og rekstrargjöldum
- Lögfestingin kallar á aukna fjármuni frá hinu opinbera til þess að mæta markmiðsákvæðum laganna.
- Biðlisti eftir sértækri búsetuþjónustu
 - Rúmlega 400 einstaklingar hafa sótt um slíka þjónustu.
 - **Áætlaður kostnaður er um 11,8 ma. kr. á ári.**
- NPA
 - **Áætlaður viðbótar kostnaður er um 2,3 ma. kr. á ári.**
- Fjölpættur vandi
 - Þjónusta við börn og fullorðna með fjölpættan vanda kallar á mannaflspunga þjónustu.
 - **Áætlaður kostnaður er um 4,5 ma. kr. á ári.**

Áætlaður viðbótarkostnaður vegna laganna getur orðið allt að 14,1-18,6 ma. kr. á ári

Eilífðarvél í stöðugri þróun

